

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

sjálfbær þróun

Sameiginlegt verkefni íbúa jarðarinnar um að ganga vel um plánetuna okkar og skila henni í jafngóðu eða betra ástandi til komandi kynslóða.



Sameinuðu þjóðirnar (SP) hafa skilgreint 17 markmið sem taka á vanda sem á sér stað á jörðinni og þarf að laga. Íslendingar hafa valið 5 þessara markmiða til að vinna að.

samfélag (nafnorð)



Hópur fólks sem hefur samskipti hvert við annað.

Samfélög geta verið lítil eða stór.

Dæmi: lítið samfélag er fjölskylda eða skóli.

Dæmi: stórt samfélag er Hafnarfjörður, Ísland, Evrópa eða alþjóðasamfélagið sem allir íbúar jarðar eiga aðild að.

viðeigandi (lýsingarorð)

Sem á við, sem er við hæfi.

Dæmi: Það er ekki viðeigandi að blóta.



ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

margbreytileiki (nafnorð)

Það að hlutirnir eru með ólíku
móti, fjölbreytileiki.

*Dæmi: Margbreytileiki auðgar
skólastarfið.*



framandi (lýsingarorð)

Ólíkur því sem maður þekkir, ókunnuglegur.

Dæmi: Þetta efni er mér alveg framandi.



jafnrétti (nafnorð)

Þegar allir hafa jafnan rétt og sömu möguleika og aðrir.

Dæmi: Á Íslandi á að vera jafnrétti til náms.




Jafnréttis- og mannréttindastefna Hafnarfjarðarbæjar miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

sannfæra (sagnorð)

Að koma einhverjum á aðra skoðun.

Dæmi: Hann sannfærði mig um að betra væri að fara aðra leið í skólann.



staðsetja (sagnorð)

Tilgreina eða finna stað fyrir einhvern eða eitthvað.

Dæmi: Leikvöllurinn verður staðsettur við suðurhlið grunnskólans.



eftirför (nafnorð)

Það að fara á eftir einhverjum, elta einhvern.

Dæmi: Lögreglan veitti þjófnum eftirför.

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

túlka (sagnorð)

1) Þýða munnlega af einu máli á annað.

Dæmi: Kennarinn talaði á íslensku og Helena túlkaði jafnóðum yfir á pólsku.


2) Leggja ákveðinn skilning í eitthvað.

Dæmi: Ég túlkaði svip hennar þannig að ég væri ekki velkomin.

heimild (nafnorð)

Leyfi, réttur.

Dæmi: Skólastjórinn veitti nemandanum heimild til að fara í vikufrí á skólatíma.



uppástunga (nafnorð)

Það að stinga upp á einhverju, tillaga.

Dæmi: Drengnum fannst uppástunga þabba um að fara í ísbíltúr góð hugmynd.

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

túlka (so.), heimild (no.), uppástunga (no.), sannfæra (so.), staðsetja (so.), eftirför (no.), sjálfbær þróun, samfélag (no.), viðeigandi (lo.), margbreytileiki (no.), framandi (lo.), jafnrétti (no.).

Veldu 3 eða fleiri orð úr boxinu og skrifaðu stutta sögu þar sem orðin koma fyrir.
Mundu eftir fyrirsögn, byrjun, miðju og endi. Myndskreyttu. Gangi þér vel!

[illegible]**Höfundur sögunnar:**

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR - upprifjun síðustu fjögurra vikna

Klippið brotnu línuna og límið miðjuna á annað blað.

Skrifið setningu með orðinu og teiknið mynd við hvert orð.

túlka (so.)	O R Ð A Þ R E N N A V I K U N N A R	heimild (no.)
uppástunga (no.)		sannfæra (so.)
staðsetja (so.)		eftirför (no.)

sjálfbær þróun

samfélag (no.)

viðeigandi (lo.)

margbreytileiki (no.)

framandi (lo.)

jafnrétti (no.)

ORÐAÞRENNNA

upprifjun síðustu fjögurra vikna

Tengdu orð við merkingu með því að lita í sama lit.	
túlka (so)	Sameiginlegt verkefni íbúa jarðarinnar um að ganga vel um plánetuna okkar og skila henni í jafngóðu eða betra ástandi til komandi kynslóða.
heimild (no)	Hópur fólks sem hefur samskipti hvert við annað. Samfélög geta verið lítil eða stór.
uppástunga (no)	Sem á við, sem er við hæfi.
sannfæra (so)	Það að hlutirnir eru með ólíku móti, fjölbreytileiki.
staðsetja (so)	Að koma einhverjum á aðra skoðun.
eftirför (no)	Það að fara á eftir einhverjum, elta einhvern.
sjálfbær þróun	Ólíkur því sem maður þekkir, ókunnuglegur.
samfélag (no)	Tilgreina eða finna stað fyrir einhvern eða eitthvað.
viðeigandi (lo)	Þegar allir hafa jafnan rétt og sömu möguleika og aðrir.
margbreytileiki (no)	1) Þýða munnlega af einu máli á annað. 2) Leggja ákveðinn skilning í eitthvað.
framandi (lo)	Það að stinga upp á einhverju, tillaga.
jafnrétti (no)	Leyfi, réttur.